

Grein: Íslenska			Tímabil: ágúst-september			Kennarar: BB Lp,EHE,KS,HD		
Efnisþáttur úr ársáætlun: Samvinnuþema; vinátta, heilbrigði og hollusta.								
Námsmarkmið			Viðfangsefni nemenda			Námsmat		
<ul style="list-style-type: none"> Hefur tileinkað sér þær reglur sem gilda í samræðum; skiptast á, grípa ekki fram í, hlusta og taka eftir. Getur hlustað og farið eftir munnlegum fyrirmælum. Getur dregið rétt til stafs þ.e. skriftaráttin er frá vinstri til hægri, stafirnir snúi rétt og bil sé á milli orða. Getur skrifað sögu og lesið hana upp fyrir aðra. Þekkir sérnöfn og samnöfn. 			<p>Inntak texta: Bókin lesin í pörtum, c.a. tveir kaflar í senn Lilli klifurmús og hin dýrin í Hálsaskógi. Lög úr þeim köflum sem eru lesnir eru spiluð af hljóðdisk fyrir nemendur. Merkin orða rædd s.s. sýslaði (bls:3), góðgæti(bl:11), kankvís(bl:14), bagalegt(bl:7,14) og hugulsemi(bl:). Lykilorð: Hálsaskógur og samvinna. Umræður um inntak texta rædd út frá vináttu. Nemendur hlusta líka á ævintýrið af hljóðdisk.</p> <p>Sundurgreinandi vinna: Lykilorðavinna: Nemendur finna orð í orði og orð úr orði. Lykilorð: Hálsaskógur og samvinna. Orðasúpur: Samnöfn og sérnöfn úr bókinni notuð. Vinatré: Nemendur búa til hendur úr lituðum blöðum og skrifa vináttuorð inn í. Hendur notaðar í vinatré. Paravinna: Nemendur leira orðin sem rædd voru við lestur bókarinnar þ.e. sýslaði Sóknarskrift: Orð úr bókinni notuð sem tengjast sérnöfnum, samnöfnum og orðskýringum. Paralestur: Nemendur lesa bókina <i>Vinir</i> sem fjallar um vináttu. Setninga-klipp: Nemendur raða setningum rétt upp, orðin sem notuð voru til orðskýringa koma fyrir í setningunum. Skrift: Nemendur þjálfa rétta <i>skriftarátt</i> með því að skrifa niður þau orð sem notuð voru í orðskýringum. Sérnöfn og samnöfn: 1) Textavinna, lita með rauðum trélit yfir sérnöfn og grænum yfir samnöfn. 2) Flokka í poka, Mikki refur vill sérnöfn og Lilli klifurmús vill samnöfn. Enduruppbygging: Leikrit: Nemendur horfa á leikritið á DVD um Dýrin í Hálsaskógi á sal skólans. Orðablöður: Nemendur skrifa orð/setningar inn í orðablöður og líma inn á mynd úr sögunni og kynna verkefnið sitt fyrir hópnum. Bréfaskrif: Nemendur velja sér persónu úr sögunni og skrifa bréf til hennar og kynna verkefnið sitt fyrir hópnum.</p>			<ul style="list-style-type: none"> Símat í gegnum samvinnuþemað: <ol style="list-style-type: none"> hefur nemandi tileinkað sér þær reglur sem gilda í samræðum. getur nemandi hlustað og farið eftir munnlegum fyrirmælum. Rétt skriftarátt metin í gegnum verkefnið <i>setninga-klipp, skrift, orðablöður og bréfaskrifin</i>. Munnleg könnun fyrir nemendur í 3. bekk á sérnöfnum og samnöfnum. 		
Námsefni/Bjargir: Lilli klifurmús og hin dýrin í Hálsaskógi, Vinir (Listin að lesa og skrifa)								